

9. maí 2018

Bæjarráð Garðabæjar

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Árið 2015 gaf Urriðaholt ehf. út Staðarvísi fyrir Urriðaholt sem var leiðbeiningarrit í þeim tilgangi að stuðla að betri umhverfishönnun og frágangi lóða í íbúðarhluta hverfisins (sjá Urriðaholt.is, ítarefni, framkvæmdagögn). Í kjölfarið var fundað með framkvæmdaaðilum og þeir hvattir til að leggja rækt við lokafrágang og teljum við að það hafi skilað árangri.

S.l. vetur var síðan ákveðið að ráðast í gerð sambærilegs Staðarvísis fyrir Háholt Urriðaholts og nú liggja fyrir lokadrög sbr. meðfylgjandi.

Segja má að Háholtið sé meira krefjandi þar sem þar blandast saman íbúðabyggð og önnur starfsemi og þörf er á meiri samræmingu. Jafnframt gegna almennings- og göturými þar mikilvægu hlutverki í að skapa þær aðstæður og skilyrði sem stefnt er að. Þó að Staðarvísirinn sé ekki ígildi skipulags þá teljum að hann geti verið gagnlegt tæki við frágang einstakra lóða, opinna svæða og Urriðaholtsskóla.

Að okkar mati gæti þessi staðarvísir jafnframt orðið yfirvöldum tæki til að meta einstakar hugmyndir og útfærslur út frá heildarmyndinni.

F.h. Urriðaholt ehf.



Jón Pálmi Guðmundsson, framkv.stj.



URRIÐAHOLT